

Mál nr. 322/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar launþega.**

Ágreiningur um bótaskyldu er kona féll í hlaupi og hlaut áverka á hné þann 8.6.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 15.9.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 24.9.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er starfandi kennari í grunnskóla. Í tengslum við vinnuferð á vegum skólans til Barcelona var skipulagt skemmtiskokk í tilefni kvennahlaups. M tók þátt í skokkinu og er hún var að hlaupa lokaáfangi í kringum sundlaug hoppaði hún yfir lágt borð (fráleggsborð). Lenti hún illa og missti jafnvægið og féll. Fékk hún áverka á hægri hné. Við rannsókn á hnénu hjá bæklunarlækni, sem M leitaði til eftir að hún kom til landsins, kom í ljós að fremra krossband var slitnið og hún var með ljótan áverka á brjóski að innanverðu lærbeinsmegin. Innri liðþófi hafi verið rýr en engin ný rifa í honum og ekki hafi verið sjáanleg rifa í ytri liðþófa. Í vottorði læknisins segir að greinilegt orsakasamband sé milli fyrrgreinds slyss og áverkans sem hún hlaut á hægri hné. Fremra krossbandið hafi rifnað við það tilfelli auk þess sem brjóskið hafi skemmst töluvert í innanverðu lærinu.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu launþega hjá vátryggingafélaginu X vegna þeirra áverka sem hún hlaut við óhappið. Félagið hefur hafnað bótaskyldu, þar sem M hafi ekki orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála. Slysinu hafi ekki valdið utanaðkomandi atburður. Jafnvægismissir, sem M kveður vera orsök fallsins, sé að rekja til innri orsaka í líkama hennar sjálfar. Er lagt til grundvallar að jafnvægi sé stýring á hreyfingum manneskjunnar sem fari fram í heilanum. Eins og atvikum sé lýst af M hafi eitthvað brugðist í þessari stýringu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum slysatryggingar launþega greiðir vátryggingin nánar tilgreindar bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir. Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans, sbr. 8. gr. skilmálanna. Miðað við fyrirliggjandi gögn virðist ekki ágreiningur með aðilum um að M hafi hlotið áverkana á hnénu við það högg sem hún hefur fengið á hnéð er það skall á jörðinni. Á það hefur verið fallist í vissum tilvikum að það teljist utan framangreinds slyshugtaks þegar fall, sem leiðir til áverka á líkama, verður rakið til innri veilu í líkama, svo sem sjúkdóms eða svima. Þótt M hafi lýst aðdraganda fallsins svo að hún hafi misst jafnvægið er hún lenti í kjölfar þess að hún stökk yfir borðið þá verður ekki séð með skýrum hætti að fótaskortur hennar verði rakinn til veilu eða annars sjúklegs ástands í líkama hennar. Er M skall með hnéð í jörðinni varð sá utanaðkomandi atburður er olli áverkanum á hnénu. Verður því að líta svo á að M hafi hlotið áverkann vegna slyss í skilningi fyrrgreinds ákvæðis vátryggingarskilmálanna og eigi því rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 13. október 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.